

Leiðbeiningar

um leiðarlínur og athyglissvæði - innan húss

Leiðbeiningar um lagningu á leiðarlínum og athyglissvæðum / leiðarlínukerfi innan húss eru til að skapa gott aðgengi fyrir blinda og sjónskerta.

Þessar leiðbeiningar taka mið af ISO 23599:2019 um leiðarlínur og athyglissvæði og ÍSTN CEN/TR 17621:2021 um aðgengi og nothæfi manngerðs umhverfis þar sem það er tekið fram.



Almennt

- Leiðarlínukerfi samanstendur af leiðarlínum og athyglissvæðum.
- Leiðarlínukerfi er lagt á gönguleiðum í byggingum þar sem eru opin rými. Tilgangur þess er að auðvelda rötun og umferli í rými.
- Leiðarlínukerfi þarf að vera fyrirsjáanlegt og gefa réttar upplýsingar. Auðvelt þarf að vera að finna það í rýminu og fylgja því.
- Mismunandi útfærslur á leiðarlínum og athyglissvæðum í sama leiðarlínukerfi á að takmarka eins og mögulegt er svo merkingar glati ekki tilgangi sínum. Það er að segja að mikilvægt er að hafa einsleitt kerfi í hverju verkefni fyrir sig.
- Þar sem rými eru lítil eða þröng er óþarfi að leggja leiðarlínur.
- Leiðarlínur og athyglissvæði skulu finnast greinlega með hvíta stafnum / þreifistaf.
- Birtuskilin / litaskilin milli gólfflatar og leiðarlína / athyglissvæða eiga að vera afgerandi svo sjónskert fólk sjái merkingarnar greinilega.

Leiðarlína

Leiðarlína er lína sem lögð er á gólfflöt og skilur sig frá umhverfi með lit, hæðarmun og yfirborðsáferð.

Báðum megin við leiðarlínu þarf að vera að minnsta kosti 0,6 m autt svæði. Á svæði umhverfis leiðarlínukerfið má ekki staðsetja húsgögn, auglýsingarskilti eða annað sem hindrað getur aðgengi.

Hæð leiðarlína innandyra á vera 3,5 mm $\pm$ 0,5 mm (ÍSTN CEN/TR 17621:2021).

Efsta breidd ílangra lína með flötum toppi, sem notaðar eru sem leiðarlínur, þarf að vera á bilinu 17 mm - 30 mm en botnbreidd breiðari en toppurinn (10 ± 1 mm). Því samfelldari sem leiðarlínur eru því auðveldara er að fylgja þeim. Ef notaðar eru stuttar línur (stangir) mega þær ekki vera styttri er 270 mm. Ef bil er haft á milli þeirra ætti það að vera frá 10 mm – 30 mm.

Í sundlauga- og búningsherbergjum þar sem eðlilegt er að ganga berfættur nægir 1 mm hæð á leiðarlínunni.

Athyglissvæði

Athyglissvæði er afmarkaður flötur með upphleyptri áferð, oftast með doppum / bóllum. Athyglissvæði eru sett við tröppur sem vísa niður og við stefnubreytingu. Minnsta dýpt og breidd á athyglissvæðum er 600 mm (600 mm x 600 mm). Í undantekningartilvikum má minnka athyglissvæði í 400 x 400 mm og er þá tekið mið af umfangi svæðis sem um ræðir.

Þegar athyglissvæði er notað við tröppur niður skal breiddin á því ná yfir alla breidd tröppusvæðisins. Athyglissvæðið skal vera dregið a.m.k. 300 mm frá brún á tröppunum.

Athyglissvæði er sett í leiðarlínukerfi þegar um stefnubreytingu er að ræða til að fólk átti sig á hvar á að breyta um stefnu og í hvaða átt. Það getur ýmist verið doppusvæði eða autt svæði. Út frá athyglissvæðinu halda leiðarlínur áfram.

Við stefnubreytingu sem er minni en 90° er ekki nauðsynlegt að vera með athyglissvæði.

Ápreifanlegar leiðarlínur og athyglissvæði skulu ekki skapa hættu á að fólk hrasa um þær eða verði öðrum hindrun. Hæð á leiðarlínum og / eða, bólum eða þverlínunum í athyglissvæðum innandyrá á að vera minnst $3,5 \pm 0,5$ mm (ÍSTN CEN/TR 17621:2021).

Almennt þarf ekki að leggja athyglissvæði við lyftur, fyrir framan neðsta þrep í tröppum, við afgreiðsluborð eða við inngang á rými.

Þar sem notaðar eru tilbúnar athyglissvæðamottur skal grunnflötur mottunnar ekki vera þykkari en 3 mm og brúnirnar skulu að vera rúnnaðar.

Þegar leiðandi mynstur, mismunur á yfirborði gólfefnis er notað til að afmarka umferðaleið ætti auðkenni þess að vera a.m.k. 250 mm breitt.

Blindrafélagið og ÖBÍ réttindasamtök, apríl 2025.